

Ráðhús Árborgar



Ágæti viðtakandi, ég undirrituð skrifa sem formaður Soroptimistaklúbbs Suðurlands. Soroptimistar eru alþjóðleg samtök kvenna sem hafa það að markmiði að stuðla að jákvæðri heimsmynd, þar sem samtakamáttur kvenna nær fram því besta sem völ er á. Samtökin vinna að bættri stöðu kvenna, að mannréttindum öllum til handa sem og jafnrétti, framförum og friði með alþjóðlegri vináttu og skilningi að leiðarljósi.

Dagana 25. nóvember til 10. desember beita alþjóðasamtök Soroptimista sér fyrir því að vekja athygli á ofbeldi gegn konum undir heitinu „Roðagyllum heiminn.“ Það er aldrei mikilvægara en nú á tímum covid-19 að vekja athygli á þessum málaflokki.

Það er einlæg ósk okkar að þú og þitt fyrirtæki takir þátt í því að vekja athygli á þessum dögum t.d með því að lýsa upp bygginguna dagana 25. nóvember til 10. desember með roðagylltum lit (appelsínugulum lit). Einnig væri ánægjulegt ef starfsfólk vildi taka þátt með okkur og klæðast einhverju appelsínugulu á þessu tímabili t.d. 25.nóvember.

Með fyrirfram þakklæti og von um góðar viðtökur, Brynhildur Geirsdóttir --